

Ed.

512. Frumvarp til laga

[244. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þrjár landareignir í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Ingi Tryggvason, Jón G. Sólnes, Stefán Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu eftirtaldar jarðeignir:

1. Eyðijörðina Eyvindará.
2. Eyðijörðina Heiðarhús.
3. Afréttarlandið Bleiksmýrardal vestri.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignanna, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Hálshrepps.

Eyðibýlin Eyvindará og Heiðarhús á Flateyjardalsheiði hafa ekki verið í byggð síðan um aldamót, en land þeirra notað sem afréttur fyrir Hálshrepp og upprekstrarland frá einum bæ í Grýtubakkahreppi.

Sá hluti Bleiksmýrardals, sem er í eigu ríkisins og lagt er til að seldur verði ásamt eyðijörðunum, liggur í afrétt Hálshrepps.

Má því teljast eðlilegt, að allar þessar landareignir komist í eigu hreppsfélagsins, eins og lagt er til í þessu frumvarpi, og þar með komið til móts við fyrrnefndar óskir sveitarstjórnarinnar.